



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110023513

Fimmtudagur

11. ágúst 2011
32. tbl. · 28. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



N1 VERSLUN ÍSAFIRÐI
Sími: 456 3995
OPIÐ: MÁN.-FÖS. 7-17



Draumahús við Hnífsdalsveg

„Þetta er á margan hátt mjög gefandi, en að sama skapi er þetta sennilega með erfiðari verkefnum sem maður tekur að sér, að teikna fyrir sjálfan sig,“ segir Kjartan Árnason, arkitekt, sem teiknað hefur hús fjölskyldunnar við Hnífsdalsveg á Ísafirði. Á miðopnu í dag segir hann frá verkefninu, híbýlunum og kreppuflutningum fjölskyldunnar.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINNI
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |

EIMSKIP
Flytjandi

„Hætta á að fólksflótti bresti á“

Stjórnarfundur Verkalýðsfélags Vestfirðinga hvetur Byggðastofnun, Landsbanka Íslands og skiptastjóra þrotabús Eyrarodda til að höggva á hnút óvissu í atvinnumálum Flateyringa. „Algjört neyðarástand hefur ríkt á meðan áður nefndir aðilar hafa dregið lappirnar og þvælst hver fyrir öðrum í ákvarðanatökum með þeim afleiðingum að fiskvinnsla er nánast að leggjast af á Flateyri. Þeirri hvatningu er beint til valdhafa ásamt pengingaöflum og skiptaráðanda að sýna áræðni og stórhug í ákvarðanatöku um framtíð fiskvinnslu á Flateyri,“ segir í bókun fundarins.

„Hætta er á að algjör fólksflótti bresti á verði ekki gripið til bráða- aðgerða svo hægt verði að hefja vinnslu á Flateyri að nýju. Neyðarkalli heimamanna frá því í vetur hefur enn ekki verið svarað þann-



ig að hægt sé að byggja á til framtíðar. Stjórnarfundurinn fordæmir þau vinnubrögð sem áður nefndir aðilar hafa viðhaft og skorar á Byggðastofnun, Landsbankann og skiptaráðanda sem

hafa atvinnulíf Flateyringa í heljargreipum, að hætta að benda hver á annan og höggva á hnúttinn, og það strax.“

Eins og fram hefur komið dró fyrirtækið Toppfiskur, sem fal-

aðist eftir öllum eignum þrotabúsins með það fyrir augum að hefja útgerð og vinnslu á Flateyri, tilboð sitt til baka á dögnum. Deila skapaðist um málið en fyrirtækið Lotna, sem var eina fyrirtækið sem gerði tilboð eftir fyrsta útboði, fékk vilyrði um kaup á hluta eignanna frá Byggðastofnun. Vilyrðið var síðan dregið til baka og eignirnar boðnar upp að nýju. Þá hófust samningaviðræður við Toppfisk, sem Byggðastofnun taldi heppilegri til fiskvinnslu á Flateyri, en Lotna taldi að vilyrði Byggðastofnunar væri bindandi. Í kjölfarið féllu bæði fyrirtækin frá áformunum eftir margra vikna samningaviðræður.

Í júní sagði Lotna upp tíu af fimmtán starfsmönnum sínum á Flateyri. 42 misstu vinnu sína þegar Eyraroddi hætti starfsemi sinni síðastliðið haust.

– *thelma@bb.is*

Vísa ásökun- um á bug

Landsbankinn vísar á bug yfirlýsingu Verkalýðsfélags Vestfirðinga um að neyðarástand ríki á Flateyri meðan bankinn, Byggðastofnun og skiptastjóri þrotabús Eyrarodda ehf. drægju lappirnar í málinu. Í fréttatilkynningu frá Landsbankanum segir að yfirlýsing Verkvest væri byggð á vanþekkingu. Starfsmenn bankans hafi gert allt sem í þeirra valdi stendur til að útgerð og vinnsla geti starfað áfram á Flateyri og að eigin frumkvæði gengið mun lengra en kröfur eru um.

Í tilkynningunni segir einnig að hagsmunum bankans sé best þjónað þannig að starfsemi í Eyrarodda verði komið aftur af stað á nýjan leik og áfram verði unnið að því á næstu dögum og vikum.

Flugvél fauk um koll á Ísafjarðarflugvelli

Lítill einkaflugvél fauk um koll á Ísafjarðarflugvelli á föstudag er hún beið eftir að komast inn á flugbrautina til að taka á loft en ferðinni var heitið til Fljótavíkur á Hornströndum. Engin slys urðu á fólki, en vélin er mikið skemmd. Tveir fullorðnir og eitt barn voru í vélinni, en þau sluppu öll ómeidd. Að sögn flugmanns vélarinnar var þeim brugðið þegar slysið átti

sér stað en þau voru öll fljót að jafna sig. Talið er að vindhviða hafi hvolft vélinni, en rannsókn á slysinu er ekki lokið. Þyrla Landhelgisgæslunnar var sett í viðbragðsstöðu, en þegar ljóst var að enginn hefði slasast var tilkynningin afturkölluð. Það eru rannsóknarnefnd flugslysa og lögreglan á Vestfjörðum sem rannsaka tildrög slyssins.



Flugvélin er mikið skemmd.

Framkvæmdir hafnar í Kubba

Framkvæmdir eru hafnar við snjóflóðavarnir í fjallinu Kubba fyrir ofan Holtahverfið í Skutulsfirði. Jóhann Birkir Helgason, bæjarteknifræðingur hjá Ísafjarðarbæ segir framkvæmdirnar hafa farið rólega af stað en hann á von á að verktakinn, Geirnagl-inn ehf., á Ísafirði, fari á fullt í framkvæmdirnar á næstu dögum. „Það er búið að girða vinnsvæðið af, koma fyrir vinnuskúrum, færa fjárgirðingar og fjarlægja tré. Þá er nýlukið að grafa skurði sem sjá til þess að halda því vatni sem flæðir um svæðið í burtu og taka aðeins ofan af jarðveginum,“ segir Jóhann Birkir, sem væntir þess að sprengingar fyrir vörminni hefjist í sumar og framkvæmdum verði lokið næsta haust.

Búið er að gera úttekt á öllum húsum á svæðinu, mynda þau og gera ástandsskoðun til að lág-

marka það tjón sem getur orðið af framkvæmdunum, en verktakinn er tryggður fyrir því tjóni sem hann veldur þriðja aðila.

Stutt er síðan að óhapp varð í Bolungarvík þegar sprengt var fyrir snjóflóðavarnargarði í fjallinu Traðarhyrnu. Í einni sprengingunni rigndi grjóti yfir nærliggjandi hús og við rannsókn kom í ljós að verktakinn hafði ekki notað tilskildar gúmmimottur sem eiga að koma í veg fyrir að slíkt gerist. Engar sérstakar varúðarráðstafanir eru gerðar við framkvæmdirnar í Kubba til að koma í veg fyrir slík slys en Jóhann Birkir segir að verktakar hafi fullvissað hann um að þeir muni gæta fyllstu varúðar við framkvæmdirnar. Öllum reglum verði fylgt og gúmmimottur notaðar í sprengingum enda sé sprengisvæðið mjög nálægt byggð. Íbúar geta þó búið við



Teikning af snjóflóðavörninum sem reisa á í fjallinu Kubba í Skutulsfirði.

ónæði af sprengingunum þar sem bæði töluverður hávaði og hristingur hlýst af þeim.

„Verktakarnir munu fljótlega

hafa samband við íbúa til að kynna áætlanir um sprengingarnar. Ýmislegt er hægt að gera til að draga úr því ónæði sem verður

þegar sprengingarnar hefjast en það er undir verktakanum komið hversu mikið er hægt að gera,“ segir Jóhann Birkir.

Samkaup

úrval

góðir grannar



Sparnaðartilboð helgarinnar **11. - 14. ágúst**

samkaupurval.is

30%
afsláttur

~~1.798~~

1.259 kr/kg

Kalkúnagrillsneiðar

frá Ísfugli



**Ferskt
ananassalat**

...sjá uppskrift
á samkaupurval.is



50%
afsláttur

Ferskur ananas 149 kr/kg

verð áður 298 kr/kg

25%
afsláttur

~~2.198~~

1.649 kr/kg

Hunangsgrísahnakki

frá Kjötseli



**Kryddsmjör
á nautakjötið!**
Með Gorgonzolaosti,
rósmaríni og hvítlauk

...sjá uppskrift
á samkaupurval.is



30%
afsláttur

Úrvals nautafilé 2.799 kr/kg

úr kjötborði eða pakkað ferskt

verð áður 3.998 kr/kg

Galtarviti - vin listamanna

Það væri seint hægt að segja að Galtarviti í Keflavík sé í alfaraleið. Vitavarsla lagðist þar af árið 1996, en frá árinu 2000 hefur Ólafur Jónasson getað kallað sig vitavörð. Hann festi þá kaup á vitajörðinni Keflavík, þar sem Galtarviti stendur, og hefur síðustu 11 árin unnið að uppbyggingu á þessum afskekktu stað. Í sumar efndi hann til list-sýningar í vitanum og íbúðarhúsinu í Keflavík í tilefni af tíu ára „búsetuafmæli“, ef svo mætti kalla.

Rjóminn af ungu kynslóðinni í Keflavík

„Þetta tíu ára afmæli er eiginlega kveikjan að sýningunni. Ég ákvað þá að bjóða þeim listamönnum, um þrjátíu talsins, sem hafa komið í Galtarvita að sýna hérna. Svo bættust tíu til viðbótar við, svo þetta eru um fjörutíu listamenn sem sýna. Þeir eru, að mínu mati, rjóminn af ungu kynslóðinni í listaheiminum á Íslandi og ég er mjög ánægður með þessar undirtekjur,“ segir Ólafur, sem kallaður er Óli. Blaðamaður tekur hann tali í borðstofunni í íbúðarhúsinu á meðan sólin gyllir sæ og glugga, og þögnin er eingöngu rofin af öðrum gestum hússins sem vaska upp eftir síðbúinn kvöldverð.

Þeir sem hafa hug á að koma í Galtarvita hafa um tvennt að velja: fara sjóleiðina frá Suðureyri, eða ganga úr Skálavík. Þá er gengið um Bakkadal og um Bakkaskarð, sem virðist ekki mjög árennilegt úr fjarlægð en ætti þó að vera flestum viðráðanlegt, og þaðan niður í Keflavík. Gangan tekur um þrjá til fjóra tíma, sé farið hægt yfir.

Að sýningunni, sem kallast Hljómur norðursins, standa auk Galtarvita Þjóðfræðistofa og Kling og Bang, en hún opnaði 2. júlí og fram yfir Verslunarmannahelgi. Vesturferðir hafa boðið upp á menningargönguferðir með leiðsögn í Galtarvita í tengslum við sýninguna.

„Traffíkin hefur verið allt í lagi. Við höfum fengið að meðaltali tvo gesti á dag síðan við opnuðum,“ segir Óli. „Það er alveg ágætt, þó að flestir hafi komið á eigin vegum. Þetta er mun meiri umferð en síðustu sumur. Ég líka verið hérna lengur núna, alveg samfleytt frá 5. júní. Ég

var með sjálfbóðaliða frá Seedsamtökunum hérna fyrst, frá 5. - 18. júní. Þeir hjálpuðu mér að hlaða vörður í dalnum og merkja gönguleiðina hingað og svo auðvitað að taka til og gera fínt áður en að listamennirnir komu og hengdu upp verkin sín,“ útskýrir hann.

„Sýningarstjórnir Lilja Birgisdóttir og Sara Riel komu svo í lok júní ásamt fríðu föruneyti. Þá var sýningunni snarað upp á einni viku. Listamennirnir hafa ekki allir komið, en einhverjir hafa kíkt við, eins og Huggleikur Dagsson og Silla og Gunní í múm. Miðað við hvað við auglýstum seint er ég mjög ánægður með gestatölu,“ segir Óli.

Á meðal þeirra sem sýna verk í Galtarvita, auk Huggleiks og Sigurlaugar Gísladóttur, Sillu, eru Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir, Ólöf Nordal, Sara Riel, Davíð Örn Halldórsson og Guðmundur Oddur Magnússon (Goddur), svo örfáir séu nefndir.

Renndi blint í sjóinn

Bláðamanni leikur forvitni á að vita hvernig það æxlaðist að Óli festi kaup á jörðinni á sínum tíma. „Ég veit eiginlega ekki hvernig ég á að lýsa því. Ég sá þetta auglýst í blaði og ákvað að bjóða í, frekar en að gera ekki neitt og sjá svo eftir því,“ segir Óli og brosir. „Ég var nú nokkuð viss um að ég fengi þetta ekkert, en ákvað samt að bjóða eitthvað sem ég réði við, svona til þess að vera með. Það fór þannig að ég fékk þetta,“ útskýrir hann. Óli hafði þó litla hugmynd um hvað það væri sem hann hefði fest kaup á.

„Ég vissi að þetta var á bak við fjall í Bolungarvík en hafði aldrei komið hingað. Í kjölfar þess að ég fékk þetta hafði ég tíu daga til að gefa endanlegt svar um kaupin. Þá kom ég hingað fyrst,“ segir Óli frá. „Það var í byrjun nóvember, að mig minnir, árið 2000. Ég lét skutla mér hingað á bát og svaf úti um nóttina. Það var svo kalt í húsinu og ég kunni ekki að setja ljósavélina í gang - sem hefði svo sem ekkert bætt úr neinu, því ég hafði ekkert til að hita með. Ég hefði kannski getað kveikt á eldavélinni og sofið við hliðina á henni,“ segir hann og brosir við.

„Það var ekki í boði, svo ég kveikti bál úti og svaf þar. Það var stjörnubjartur himinn og norðurljós... Þetta er ein sú fall-egasta nótt sem ég hef upplifað, þó það hafi verið svolítið kalt. Svo gekk ég yfir í Skálavík morguninn eftir og lét sækja mig þangað. Eftir það var ekkert aftur snúið,“ segir hann.

Eftir fyrstu tvö árin fékk Óli liðsstyrk. „Þá komu fjórir aðilar inn í þetta með mér, Hermann Þorsteinsson á Ísafirði, Einar Þór Gunnlaugsson á Hvilft, Guðmundur Konráðsson á Flateyri og Benedikt Gunnarsson, sem hætti reyndar nokkrum árum seinna. Við höfum svo verið að borga uppbyggingu á staðnum úr eigin vasa,“ segir Óli, en sú uppbygging hefur útheimt töluverða vinnu.

„Við höfum ekki verið hérna meira en svona mánuð á ári í þessu ellefu ár, svo í rauninni höfum við ekki verið að vinna í þessu lengur en í ellefu mánuði. Þegar maður hefur það í huga hefur alveg heilmikið gerst á þessum tíma. Við höfum málað húsið tvisvar, skipt um þak og komið rennandi vatni á, til dæmis,“ bendir Óli á.

Eins og áður sagði lagðist vitavarsla á Galtarvita af árið 1994, en næstu tvö sumur þar á eftir var hins vegar sumarvitavörður á staðnum. „Þegar við komum hafði enginn verið hérna í fjögur ár og ekkert verið gert fyrir húsið mun lengur en svo,“ segir Óli. „Húsið var farið að leka. Við komum eiginlega alveg á síðustu stundu. Hefði það dregist um eitt ár í viðbót hefði húsið verið í mun verra ásigkomulagi. Það hafði ekki verið kynt í fjögur ár og hér verða alveg brjáluð veður á veturna, alveg jafn vont og það verður yndislegt á sumrin,“ segir hann.

Hingað til hefur því aðallega verið hugað að útviðum húsanna að Galtarvita, auk annarra bráðnaudsynlegra verka sem til hafa fallið. „Síðan við komum inn í þetta hafa fokið hjá okkur tvö þök, af fjósinu og fjárhúsinu. Rafallinn á ljósavélinni hefur líka hrunið einu sinni,“ segir Óli og brosir. „Þetta hefur verið svolítið björgunarstarf. Við höfum ekki geta byrjað á því að byggja neitt upp frá grunni, við höfum meira verið að halda í horfinu,“ segir Óli.

Vildi skapa vín fyrir listamenn

Frá því að Óli festi kaup á jörðinni hefur fjöldi listamanna dvalist og starfað á staðnum, eins og listsýningin Hljómur norðursins ber vitni um. Hann segir alltaf hafa verið hugmyndina, að geta boðið listamönnum vín í Galtarvita.

„Það var alltaf það sem vakti fyrir mér í byrjun, að fá hingað skapandi fólk sem getur haft ofan af fyrir sér sjálft - það er náttúrulega ekkert að gera hérna nema fara í gönguferðir,“ segir hann og hlær við. „Þetta er góður staður fyrir fólk til að sinna sínum hugðarefnum. Óskar Aðalsteinn, sem var vitavörður hérna í átján ár, skrifaði til dæmis níu bækur á þeim tíma,“ segir Óli.

„Hugsunin var að fá fólk sem gæti notað þessa þögn og kyrrð til að sinna sínum verkefnum. Svo atvikaðist það þannig að múm hafði samband við mig 2001. Þau voru þau allra fyrstu sem komu hingað fyrir utan mig. Þá var ekki einu sinni rennandi vatn hérna, svo þau sóttu bara vatn í fötur í lækinn. Þau komu svo aftur tveimur árum seinna og svo kom listamannahópur frá Kling og Bang. Með þessum tveimur hópum slæddust með aðrir listamenn og svo vatt þetta upp á sig,“ útskýrir hann.

Listamennirnir sem sýna í Galtarvita í sumar hafa ekki allir starfað á staðnum, en tengjast honum á einhvern hátt. „Þessi sýning er algjör tilraun í að vera með einhverja starfsemi hérna,“ segir Óli. „Ég býst við því að ég reyni þetta aftur næsta sumar, að hafa eitthvað um að vera. Mig langar jafnvel að halda aðra sýningu, þá með öðrum formerkjum. Það verður ekki tíu ára afmælis-sýning þar sem öllum verður boðið heldur kannski færri, og þá verða hugsanlega einhver verk unnin á staðnum. Það á eftir að koma í ljós hvernig það verður. Ég vil bara ná inn nógu miklu til að geta verið hérna, því á meðan ég er hérna get ég unnið, í staðinn fyrir að vera að skreppa í helgi eða viku. Þá gerist ekki eins mikið,“ segir hann. Með sinni löngu viðveru í sumar hefur hann til dæmis náð að klára viðbygginguna sem hefur verið á teikni-borðinu í þrjú ár, og segir næg önnur verkefni bíða næsta sumra.

Auk þess að njóta kyrrðarinnar og vinna að eigin verkefnum hafa listamennirnir sem dvalist hafa í Galtarvita lagt hönd á plóginn í ýmsum öðrum verkefnum. „Við höfum verið með verkefni í gangi sem ég er líka með í, að gera tónlist sem við getum svo selt til styrktar vitanum og uppbyggingunni hér. Ég hef boðið listamönnum að koma, þau hafa verið í mánuð og samið tónlist, sem við

höfum til dæmis selt í heimildarmyndir. Enn hefur ekki komið út diskur og gerir kannski aldrei, það græðir víst enginn á því í dag,“ segir Óli.


„Þetta er langtímaprójekt sem hefur borgað sig upp í kostnaði en fer fyrst núna að skila einhverjum gróða. Fyrsta árið auglýstum við bara eftir fólk í Grapevine og það skiluðu sér nokkrir tónlistarmenn af götunni - og mikið af útlendingum. Þá komu Frakki, Belgi og Dani, til dæmis. Í fyrra var þetta aðeins öðruvísi, aðeins minna í sniðum. Þá var rafstöðin ekki í lagi, svo það var minna rafmagn. Það þurfti bara að hlaða öll tækin og taka svo upp á meðan batteríin leyfðu,“ segir Óli frá og brosir.

Hvetur heimafólk til að koma

Hver er þá framtíðarsýn Óla fyrir hönd Galtarvita? „Ég vil að þetta geti verið einhvers konar dvalarstaður fyrir listamenn, en dálítið blandað - þannig að þeir sem eru hérna geti hjálpað mér með reksturinn yfir sumarið en fá líka tíma til að vinna að sínum hugðarefnum. Það væri líka frábært að fá göngufólk hérna yfir í gistingu eina nótt eða svo. Maður er svolítið að þreifa sig áfram með þetta,“ segir Óli, sem finnur fyrir töluverðum meðbyr. „Það finnst öllum þetta frábær hugmynd, en það er svolítið erfitt að ná fólk hingað yfir í fyrsta skipti. Ef maður nær þeim yfir verður hins vegar bara erfitt að halda þeim í burtu,“ segir hann og hlær.

Þegar Óli er ekki í Galtarvita starfar hann við kvikmyndagerð, sér um leikmyndir í auglýsingum, sjónvarpi og bíómyndum. Þegar blaðamaður blés mæðinni í Galtarvita var hann á leiðinni suður í verkefni, en hugðist snúa aftur eins fljótt og auðið væri. „Ég er að fara að klára leikmynd fyrir heimildarmynd um sund á Íslandi. Síðasta vetur var ég með leikmyndina í Spaugstofunni. Kannski fer ég aftur í það í vetur, ég veit það ekki. Þetta verkefni núna er eitthvað sem hófst í fyrra og ég er að klára, annars sagði ég nei við öllum verkefnum í sumar til að geta verið hér. Ég vona bara að ég fái nóg að gera í vetur, svo ég geti verið hérna aftur næsta sumar,“ segir Óli.

„Þá get ég vonandi komið eitthvað fyrr. Ég hef lært heilmikið á því að vera svona lengi þetta sumar, hvernig maður þarf að skipuleggja sig og svona. Að fara í búðina er heljarinnar mál, ég þarf að sigla til Suðureyrar á háflóði, keyra til Ísafjarðar, versla í matinn, bíða aftur eftir flóði og sigla til baka. Það fara minnst átta klukkutímar í eina Bónusferð og á meðan ég er þar gerist náttúrulega ekkert hér. Ég verð þess vegna að hafa fólk með mér. Það



er eins með svona skipulagðar ferðir, það hringir enginn í mig. Ég þarf að labba upp á fjall til að hringja!“ segir hann og hlær.

Óli kveðst aðspurður ekki hafa verið meðvitaður um þetta flækjustig sem búseta í Galtarvita hefur í för með sér. „Nei, alls ekki. Þá er ég alls ekki viss um að ég

hefði gert þetta. En ég sé ekki eftir því. Núna í júní var til dæmis mjög kalt og þá fór maður að hugsa hvort maður væri búinn að koma sér í einhverja djöfuls vitleysu og hvort maður ætti kannski að hætta þessu. En svo er júlí algjörlega búinn að bæta það upp. Staðurinn er betri þegar

hann er góður en vondur þegar hann er slæmur,“ segir hann og brosir við.

Að lokum fylgir dálítill áskorun til Vestfirðinga, en Óli hvetur þá alla til að koma í heimsókn í Keflavík.

Texti og myndir: Sunna Dís Másdóttir.



Menntaskólinn á Ísafirði.

Færri nemendur í verknám

Mun færri nemendur eru skráðir í verknám hjá Menntaskólanum á Ísafirði á haustönn miðað við undanfarin ár að sögn Hreins Þorkelssonar áfangastjóra MÍ. „Þetta veldur okkur auðvitað töluverðum áhyggjum en við höfum engar börðliggjandi skýringar á þessu. Í allt eru um 300 nem-

endur skráðir í skólann í vetur en það eru aðeins færri nemendur en í fyrra. Ætli þessi fækkun endurspeglar ekki þá fólksfækkun sem er hér á Vestfjörðum,“ segir Hreinn.

Skólinn getur tekið við flestum þeim nemendum sem sóttu um skólagöngu en skráningu í skól-

ann er formlega lokið. Sumar námsbrautir eru þó vinsælli en aðrar, til dæmis hefur langur biðlisti myndast á Hár og snyrtibraut en mikil eftirspurn er í að komast inn á þá braut og sér skólinn fram á að þurfa að vísa nemendum frá því fagi.

Skólasetning verður 22. ágúst.

Þeir nemendur sem sækja skólann eru flestir af norðanverðum Vestfjörðum. Þó segir Hreinn að eitthvað af nemendum komi annars staðar af landinu en það sé þó ekki stór hópur. Fjórtán nemendur eru skráðir á heimavist MÍ en þar geta um 36 nemendur búið ár hvert.

– asta@bb.is

Færri ferðamenn en í fyrra

Mikið var að gera hjá upplýsingamiðstöð ferðamála á Ísafirði í síðasta mánuði eftir fremur rólegan júní mánuð. Meirihluti þeirra sem leita til upplýsingamiðstöðvarinnar eru af erlendu bergi brotnir. „Flestir hafa verið frá Þýskalandi og Bandaríkjunum en Frakkarnir koma líka sterkir inn. Þá fáum við líka þónokkuð af Íslendingum,“ segir Sædís Þórsdóttir, starfsmaður á upplýsingamiðstöðinni. Að sögn Sædísar er tilfinning starfsmanna sú að mun meiri trafik hafi verið á síðasta ári. Talsverður munur er á fyrirsprungnum erlendra og innlendra ferðamanna.

„Erlendir ferðamenn eru aðallega að leita að gönguleiðum, bæði á Hornströndum og í nágrenni Ísafjarðar. Íslendingarnir sækja svo mikið í að fara í Vigur og á Hesteyri. Þeir láta þó ekki sjá sig nema það sé sól. Svo er mikið spurt um veitingastaðina í bænum og þá staði sem vert er að skoða hér í kring. Þá er töluvert spurt hvort hægt sé að fara upp á Bolafjall,“ segir Sædís.

– thelma@bb.is

Spurningin

Getur þú staðið við fjárhagslegar skuldbindingar þínar?

Alls svöruðu 307.
Já sögðu 225 eða 73%
Nei sögðu 82 eða 27%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Allhvöss eða hvöss norðanátt austanlands, rigning og hiti 4-10 stig, en norðaustan 5-10 m/s vestantil. Rigning af og til en áfram milt.

Horfur á laugardag og sunnudag: Allhvöss eða hvöss norðanátt austanlands, rigning og hiti 4-10 stig, en norðaustan 5-10 m/s vestantil. Rigning af og til en áfram milt.

Ritstjórnargrein

Órétt lög

Í hinni helgu bók segir frá manni sem lenti í höndum ræningja, var barinn til óbóta og skilinn eftir dauðvona við vegarkantinn. Svo vildi til að prestur nokkur átti leið þar fram hjá. Sá hafði öðrum hnöppum að hneppa og lét sig manninn engu skipta. Levíti nokkur kom þar einnig að. Honum kom þetta ekkert við frekar en prestinum. Skömmu síðar bar að náunga nokkurn úr hópi hinna forsmáðu í samfélaginu. Hann einn sá aumur á meðbróður sínum.

Fyrir ekki ýkjálöngu greindu blöð frá því að maður nokkur hafði árangurslaust reynt að sækja rétt sinn fyrir dómstólum um batur vegna líkamlegrar örorku, afleiðingu áreynslu sem hann hafði lagt á sig ásamt félaganum sínum við að koma samstarfskonu þeirra í álveri til hjálpar eftir að 620 kílóa stálbiti hafði fallið á fætur hennar. Mennirnir brugðu skjótt við og voru taldir hafa unnið hetjudáð. En hjálpsemin hafði afleiðingar. Annar mannanna býr nú við varanleg bakmeiðsli vegna þeirra miklu átaka sem hann lagði á sig til hjálpar konunnar. Eftirleitan hans um batur hjá fyrirtæki og/eða tryggingarfélagi var hafnað af dómstóli.

Af blaðafregnum að dæma voru fyrirtækið og tryggingafélagið sýknuð á þeim forsendum að utanaðkomandi atburður hefði ekki valdið meiðslum mannsins og það hafi verið hans eigin ákvörðun, að koma konunni til hjálpar, sem komið hefði honum í þá stöðu sem hann nú er í. Með öðrum orðum: Verkamaðurinn í álverinu átti að

taka háttarni prestsins og levítans sér til fyrirmyndar og vera ekki að skipta sér af því sem honum kom ekkert við? Láta bara konuna liggja með stálbitann á fótum sér uns lögformlegar aðstæður lægu fyrir til að létta farginu af henni? Bíða eftir að áhættutryggðir björgunarmenn kæmu á vettvang með viðurkennd björgunartæki?

Þetta er eins og í boltanum. Ekki verður deilt við dómarmann. Ólíku er þó saman að jafna. Í öðru tilfellinu er um að ræða skyndiákvörðun, tekna í hita leiks; í hinu túlkun lögspekinga eftir yfirlegu yfir lögum, sem eflaust eru ekki afdráttarlaus frekar en margar lagasetningar, sem endalaust vekja upp spurningar um vilja þeirra ágætu manna, sem stóðu að lagasetningunni, þegar á reynir.

Hvað sem öllu líður eru það alvarleg skilaboð út í samfélagið að fólk eigi ekki að koma nauðstöddum til hjálpar nema hafa áður gengið úr skugga um að það sjálft sé tryggt í bak og fyrir, ef eitthvað skyldi bera af leið til verri vegar við hjálpseminna. Í meistaraverki sínu, Passúsálmunum, fjallaði Hallgrímur sálugi Pétursson um það sem hann kallaði „órétt lög“ og var ekki blíðmáll í garð þeirra, sem „umgangast og þau tíðka mjög,“ eins og hann orðaði það.

Eru það skilaboðin til hins unga æskuhers, sem væntir nýs samfélags eftir hrundið: Það er upp á þína hvort þú hjálpar náunga þínum í nauðum, eða ekki?

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. Ásta María Sverrisdóttir, sími 824 0644, asta@bb.is. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. ISSN 1670 - 021X

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

SUMAR AFGREIÐSLUTÍMI OPNUM Í DAG KL.11:00



69
33 CL DÓS

MOUNTAIN DEW - EGILS MIX - EGILS APPELSÍN - PEPSI - PEPSI MAX



659
4 FLÖSKUR

Coke 1.5 ltr x 4 fl ; 6 ltr.



198
TRÓPÍ 1 LTR.

FERSKT BLANDAÐ HAKK NAUT OG GRIS 100% KJÖT



998
KR. KG



198
KR. 570G
HEINZ
TÓMATSÓSA

29
KR. 85G
EUROSHOPPER
NÚDLUR 85g



198
KR. KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSIN LAMBASVIÐ



249
KR. 1 KG

BARILLA SPAGHETTI 1 KG 249 KR. PAKKINN.

PÝSK KALKÚNABRINGA
MINNA EN 1% FITA



1995
KR. KG



1398
KR. KG

PÝSKAR FROSNAR
GRÍSA LUNDIR



KYCKLINGFILÉ

STYCKFRYSTA, KÖTTHALT 80%
900 g e



1498
KR. 900G

EUROSHOPPER FROSNAR
KJÚKLINGABRINGUR



695
KR. KG

FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR

FERSKUR KJÖFUGLS-KJÚKLINGUR



1995
KR. KG

FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

SUMAR AFGREIÐSLUTÍMI OPNUM Í DAG KL.11:00

BONUS BÝÐUR BETUR

Gefandi en krefjandi verkefni

Eftir að hafa búið á erlendri grundu í um fimmtán ár fluttist Kjartan Árnason arkitekt á Ísafjörð fyrir tveimur og hálfu ári. Hann hefur nú reist draumahús fjölskyldunnar við Hnífsdalsveg á Ísafirði, þar sem himinn, jörð og haf mætast úti fyrir gluggunum. Kjartan tók á móti blaðamanni á mildum júlímorgni, þremur mánuðum eftir langþráða flutninga fjölskyldunnar, og sagði frá byggingunni, árunum í útlöndum og því flækjustigi sem fylgdi er í að teikna hús fyrir sjálfan sig.

Lærði fyrst sagnfræði og ítölsku

Kjartan fluttist til Ísafjarðar í byrjun árs 2009 ásamt konu sinni, Hörpu Lind Kristjánsdóttur og dóttur þeirra, Rán. Harpa er ættuð úr Hnífsdal, en Kjartan á sína heimahaga hins vegar hinum megin á landinu.

„Ég er ættaður austan af landi, eiginlega af öllu austanverðu landinu - frá Vopnafirði að Höfn í Hornafirði,“ útskýrir Kjartan. Hann hefur hins vegar búið og starfað ansi víða. „Ég ólst upp í Svíþjóð þar til ég var sex ára, á meðan foreldrar mínir voru þar í námi. Á þeim tíma var Svíþjóð vinsælli en Danmörk hjá námsmönnum. Ég bjó svo á Höfn þar til ég var á öðru ári í menntaskóla. Þá fluttist ég til Reykjavíkur í nokkur ár, þar sem ég kláraði stúdentspróf í MH og var svo í nokkur ár í sagnfræði og ítölsku í háskólanum. Eftir það var ég skiptinemi bæði í Bologna á Ítalíu og í Árósum í Danmörku. Ég vann á Spáni í nokkra mánuði, kom svo aftur til Danmerkur og

fluttist þaðan til Ísafjarðar, einhverjum fimmtán árum eftir að ég fór út,“ útskýrir hann.

Lengst af dvaldist Kjartan hins vegar í Kaupmannahöfn, í um tíu ár, þar sem hann lærði arkitektúr, en hugur hans hafði lengi staðið til námsins. „Ég man nú ekki alveg hvernig þetta var, hvort ég sótti um í arkitektúr áður en ég var búinn með menntaskólann en komst ekki að... Ég endaði allavega með sagnfræðipróf og ítölskupróf. Ég þurfti svo eiginlega að gera upp við mig hvort ég vildi fara og taka yfirbyggingu í sagnfræðinni. Ég var farinn að sjá fram á að enda þá sem kennari, sem var ekki það sem ég vildi gera þá. Svo ég sótti aftur um í arkitektúr og komst inn í Kunstakademíuna, Listaháskólann í Kaupmannahöfn. Ég kláraði það nám svo á sjö árum,“ segir Kjartan frá.

Úr arkitektafjölskyldu

Áhugans á arkitektúr er ekki langt að leita, því Kjartan kemur úr mikilli arkitektafjölskyldu.

„Ég er alinn upp við þetta. Pabbi er arkitekt og bróðir hans líka, systir mömmu er arkitekt og bróðir hennar vinnur sem arkitekt. Afabróðir minn er verkfræðingur...“ telur hann upp. „Ég ólst upp með þessu og kynntist því vel. Ég hafði kannski ekki þessa glansmynd af faginu sem margir nemar í skólanum höfðu, en hafði áhuga á því engu að síður. Ég vissi nokkurn veginn að hverju ég var að ganga. Svo hafði ég unnið mikið á sumrin og með skóla sem smíður, svo ég þekkti þá hlið starfsins líka. Þetta var einhvern veginn mjög eðlilegt framhald hjá mér,“ segir Kjartan.

Hann segir námið í Kaupmannahöfn hafa hentað sér mjög vel. „Eins og þetta var þá var þetta gefið upp sem fimm ára nám, en ég held að meðalnáms-tíminn hafi samt verið um sjö ár. Ég var með síðustu árgöngunum sem voru í gamla kerfinu; það voru bara tvö próf á öllum þessum sjö árum sem maður gat fallið á, þannig séð. Deildirnar hættu svo að fá pening fyrir að hafa mann í námi, eftir sex ár. Þá var farið að ýta á fólk að klára,“ segir hann og hlær við.

„Þetta námskerfi hentaði mér á margan hátt ágætlega, en það voru líka margir sem flosnuðu upp úr námi. Þetta var mjög losaralegt. Menn halda að það sé rosalega gaman að vera í skóla þar sem það er lítið aðhald, en

það reynir líka mjög á sjálfs-gann. Maður kemst heldur ekkert upp með að skila engum árangri. Þó það sé ekki verið að fella mann beinlínis er það heldur ekkert vel séð að fólk sé bara að drolla eitthvað,“ segir Kjartan. „En þetta var mjög gott rými til þess að rækta það sem maður hafði áhuga á í faginu,“ bætir hann við.

Vildu heim í kreppunni

Að námi loknu hóf Kjartan störf á arkitektastofu í Danmörku. „Ég fékk vinnu alveg strax eftir námið og var að vinna í þrjú ár á lítilli stofu í Kaupmannahöfn. Svo kom kreppa þar og ég var svona eiginlega búinn að missa vinnuna, allavega tímabundið.

Það var komið eitthvað svona los á þetta,“ segir Kjartan.

„Stelpan okkar var þá búin að vera eitt ár í skóla. Konan mín fékk svo vinnu sem hún hafði mikinn áhuga á herna á Ísafirði, svo þetta atvikaðist einhvern veginn bara svona. Við sáum fram á það að ef við ætluðum að fara að takast á við þessa kreppu í Danmörku yrði það örugglega tíu ára verkefni og þá væri stelpan orðin meira dönsk en íslensk. Þetta var þess vegna góður tímunktur til að koma heim. Við höfðum líka keypt þetta hús fyrir nokkrum árum og gátum búið í því með lítilli fyrirhöfn, þó það væri orðið lélegt,“ segir Kjartan og á við gamla húsið að Hnífsdalsvegi.

Harpa kona hans á þar að auki





svo til alla sína fjölskyldu á svæðinu, nokkuð sem hann segir einnig hafa togað í þau. Áður höfðu þau dvalið í húsinu að Hnífsdalsvegi í um hálf t. ár.

Líkar vel á Ísafirði

„Við komum hérna heim einn vetur, svona í generalprufu. Þetta var stuttu eftir að ég kláraði námið. Ég var þá með vinnu úti í Kaupmannahöfn. Við prófuðum að vera hérna í hálf t. ár, svona til að athuga hvort að ég myndi lifa af veturinn. Ég gerði það... með herkjum,“ segir hann og brosir við. „Ég er búinn að vera að æfa mig í því síðan og er nú að verða ansi góður í því. Síðasti vetur var sá léttasti hingað til,“ bætir hann við.

Flutningurinn til Ísafjarðar átti sér svo stað í ársbyrjun 2009, eins og áður segir. „Það var bara beint eftir bankahrunið, eiginlega. Við fórum út í kreppu og komum heim í kreppu. Þá var þetta orðið eðlilegt aftur...“ segir hann. Það mætti því segja að fjölskyldan hafi beðið af sér góðærið í útlöndum.

„Já, það var eiginlega þannig,“ segir Kjartan og brosir við. „Við höfðum oft spáð í að koma heim, en það var margt sem manni fannst ansi skrytið í þessu góðæri, án þess að ég segi mikið um það. Maður var eiginlega alveg hætturnar að skilja neitt í neinu,“ segir hann.

Kjartani líkar lífið á Ísafirði afar vel, að eigin sögn. „Ég var búinn að búa í t. ár í Danmörku og hélt nú reyndar að ég gæti

loks farið að stunda skíði á veturna og svona, en það hefur gengið illa. En jú, ég kann mjög vel við mig, bæði við fólknið og allar aðstæður - Ísafjarðarmiðbæinn og skólann og allt sem er í boði fyrir krakkana,“ segir Kjartan.

Á eilífum fundi

Kjartan teiknaði glæsilegt hús fjölskyldunnar, sem hann segir hafa verið bæði gefandi og krefjandi verkefni.

„Ég var búinn að vera að teikna við gamla húsið og hringsnúa þessu fyrir mér alveg frá því að við keyptum húsið. Svo sá ég fram á að það þýddi ekkert annað en að byrja bara að byggja, annars væri þetta endalaust verkefni. Núna er ég hætturnar að velja þessu fyrir mér, það er engu hægt að

breyta lengur,“ segir hann og brosir.

„Þetta er á margan hátt mjög gefandi, en að sama skapi er þetta sennilega með erfiðari verkefnum sem maður tekur að sér, að teikna fyrir sjálfan sig. Maður hætturnar ekki að velja fyrir sér möguleikunum fyrr en það er búið að framkvæma. Það er eins með önnur verkefni, að maður er náttúrulega með þetta í höfðinu mjög lengi, En þá leggur maður inn tillögur til kúnna og bíður svo eftir því hvað hann segir. Þegar maður er sinn eigin kúnni er maður einhvern veginn á endalausum fundi - maður getur vaknað upp um miðja nótt að hugsa um eitthvað furðulegt smáatriði einhvers staðar. Það er allt undir,“ segir Kjartan.

Verkefnið er heldur ekki auðvelt viðureignar, þó hann sé sjálfur viðskiptavinurinn. „Þetta reynir heilmikið á. Þetta er auðvitað ekki bara mitt hús, heldur á það að geta þjónað okkar fjölskyldu svo að hún virki líka. Þetta hefur verið mjög skemmtilegt verkefni og mjög gefandi, en að sama skapi er mjög gaman að sjá það klárast,“ segir Kjartan. Hann hefur hins vegar alltaf haft mikinn áhuga á tengslum rýmis og heimilis.

„Þetta var ein af ástæðunum fyrir því að ég fór í arkitektúr í upphafi, áhugi minn á akkúrat þessu, á því hvernig maður býr og hvers konar rými maður býr í. Ég vann líka mikið við það úti í Kaupmannahöfn að teikna íbúðarhús. Þessi staðsetning hérna er

náttúrulega líka alveg einstakt tækifæri. Að fá að teikna rýminn inn í svona samhengi er mjög skemmtilegt, og í raun alveg einstakt. Þetta er ein af fáum sjávarlóðum hér á Ísafirði. Það er ekki algengt að fá svona tækifæri alveg niðri við vatn, og það í svona stóru samhengi. Þetta er svo gríðarlega stór skali hérna, Djúpið allt,“ segir hann. „En þó þetta sé skemmtilegt ætla ég nú ekki að gera þetta aftur í bráð,“ bætir hann svo við og brosir.

Starfar sjálfstætt

Eftir flutninginn til Ísafjarðar hefur Kjartan starfað sem arkitekt. „Ég vinn bæði sjálfstætt og fyrir Glámu Kím arkitekta í Reykjavík. Ég leigi mér bara skrifstofuádstöðu hérna og vinn miðlægt yfir netið. Ég fer stundum til Reykjavíkur, eins og gengur og gerist, en samt ekkert mikið. Ég geri það ekki nema ég þurfi, en það er ekkert mál. Flugsamgöngur - ef þær virka hérna - eru mikill kostur. Að geta verið kominn inn á fund í Reykjavík á klukkutíma er náttúrulega frábært,“ segir hann.

Kjartan segir þessa fjarvinnu þó bæði hafa kosti og galla. „Ég hugsa að það væri erfitt að byrja svona, ráða sig upp á þetta frá byrjun. Þetta gengur betur af því að ég hef unnið á stofunni áður. Þetta er algjörlega möguleiki og oft góður kostur í stöðunni, en að sumu leyti krefst það þess að þú þekkir þá sem þú ert að vinna með á hinum endanum. Allt þetta tæknilega gengur vel, það er ekkert mál. Það eru símar og myndsímar og maður getur horft á tölvuskjána hvor hjá öðrum. Sumt hreinlega einfaldara að vinna á þennan hátt, þegar maður hefur fjarlægðina. Fólk getur ekkert alltaf verið að horfa yfir öxlina hvort á öðru. En það krefst þess náttúrulega að þú kunnir að lesa í hvað er raunverulega verið að segja á hinum endanum. En þetta gengur mjög vel upp eins og þetta er hjá okkur,“ segir Kjartan.

Aðspurður um hvað hann hafi fyrir stafni þegar hann er ekki að vinna hlakkar aðeins í Kjartani. „Síðasta árið hefur nú verið einfalt: ég hef bara verið í vinnunni,“ segir hann. „Annars er það nú misjafnt. Ég hef ferðast mikið í gegnum tíðina og eftir að ég kom heim hef ég verið að þvælast töluvert um landið á sumrin. Ég var búinn að gleyma hvað Ísland er mikil víðáttu. Ég er ekkert kominn með neina útþrá aftur, að leggjast í stórborgaflakk eða eitthvað slíkt, en það kemur sjálf-sagt að því,“ segir Kjartan.

„Svo er ég nú bara eins og venjulegt fólk, les bækur og hlusta á tónlist. En ég er eiginlega búinn að gleyma því hvað maður gerir í frístundum - ég þarf að fara að rifja það upp aftur! Það



verður nú vonandi eitthvað meira um þær núna þegar við erum flutt inn. Ég finn það alveg að maður er latari á kvöldin núna, þegar maður er kominn með eldavel og rennandi vatn og allan þennan lúxus,“ segir hann og brosir.

Síðustu metrarnir langir

Þó að fjölskyldan hafi komið sér vel fyrir í nýju húsakynnum er þó ýmislegur frágangur eftir. „Ég held að fólk myndi ekki trúa því hvað það er mikil vinna að klára svona síðustu metrana, og eins kostar það mikið. Það er þess vegna sem það er mjög algengt að það vanti handrið á svalir á tuttugu ára gömlum húsum,“ segir hann og brosir. „Ég ætla nú að reyna að halda dampi þangað til þetta klárast. En svo klárast peningar líka. Við gerðum hins vegar í sjálfru sér engin endanleg plön, við ætluðum bara að fara eins langt og við kæmumst í þessum framkvæmdum,“ útskýrir hann.

Þar sem komið er að húsinu stendur lítil bygging sem gegnir bæði hlutverki geymslu og nokkurs konar forræktunarstöðvar. „Þetta er svona ókynt gróðurhús,“ útskýrir Kjartan, sem kannast þó ekki við að vera með græna fingur. „Nei, það er ekki ég. En mér finnst voða gott að borða ávextina. Þetta er hannað með konunni minni og eins og allt annað í þessu húsi er þetta af-rakstur fjögurra ára þælinga. Svo skemur þetta húsið líka aðeins af frá veginum,“ segir Kjartan. Þó að húsið standi mjög nálægt

Hnífsdalsvegi segir hann þó litla truflun hljóttast af umferð um hann.

„Það er ekkert miðað við það sem við eigum að venjast í Kaupmannahöfn, til dæmis. Ég held það séu um nokkur hundruð bílar á dag sem fara hérna, en það er auðvitað langmest á þeim tíma sem við erum hvort sem er ekki heima. Helgarnar eru rólegri og næturnar alveg dauður tími. Þetta er ekkert sem truflar okkur mikið,“ segir hann.

Rækta kirsuberjatré í skúrnum

Í gróðurhúsinu er Harpa, kona Kjartans, er nú meðal annars með kirsuberjatré, plómutré, tómata-plöntur, squash-plöntu og ýmsar kryddjurtir í ræktun. „Þetta hefur gengið fint yfir sumarið, en þegar sólin fer hverfur auðvitað allt líf. Trjáplönturnar hafa samt hækkað um hálfan metra núna í sumar, svo mér skilst að þær fari út að ári - við erum allavega ekki að fara að byggja við,“ segir Kjartan.



Hann vonast til þess að garðurinn muni smám saman státa af sömu flóru og gefur að líta í hlíðinni. „Það koma svo einhverjir matjurtakassar líka. Stefnan er svo að búa okkur til svona moltukerfi og jafnvel vera með hænsnaskúr,“ segir Kjartan, sem segir fjölskylduna hugsa nokkuð um sjálfbærar lífsmáta.

„Það er nú einn kostur við að búa svona nálægt bænum; við þurfum ekki að nota bílinn mikið. Við erum ekkert að reyna að bjarga heiminum á neinn hátt, en við reynum svona að taka þátt í því að breyta þessari eyðslusemi eða neysluhyggju með því að gera það sem að snýr að okkur,“ segir Kjartan, sem segir þann hugsunarhátt ríkari í Danmörku en hér heima.

„Þetta hefur allavega verið mikið í umræðunni í Danmörku. Umræðan hérna núna, um að kaupa lífrænt og slíkt, er bara á svipuðum stað og hún var í Danmörku fyrir tíu árum síðan. Maður heyrir menn ennþá véfengja að þetta sé yfirhöfuð

sniðugt,“ segir Kjartan.

Smiðjugatan í uppáhaldi

Áður en blaðamaður kveður og þakkar fyrir sig er vart hægt að sleppa því að spyrja hvort arkitektinn Kjartan eigi sér eitt-hvað uppáhaldshús á Ísafirði.

„Ég á mér allavega uppáhaldsgötu, það er Smiðjugatan,“ svarar Kjartan eftir dálitla umhugsun. „Svo eru hús eins og Gamla Sjúkrahúsið, og sú starfsemi sem í því er. Tónlistarskólinn og öll sú gata er líka falleg, og tónlistarsalurinn Hamrar er til dæmis mjög fallett rými. Það er mikið af fínum byggingum á Ísafirði, en svo er það líka þessi heild sem gamli bærinn er. Það er kannski ljótt að segja það, en kannski bjargar kreppan þeirri heild enn um sinn. Þá er fólk ekki að jafna neitt við jörðu og tæta og trylla. Ég met það mjög mikils að það sé alveg rótgróinn bær bara hérna fimm hundruð metra í burtu, að maður gangi alveg inn í þærheild sem Neðstikaupstaður og Efstikaupstaður halda utan um,“ segir Kjartan.

„Maður finnur alveg fyrir því að þetta er ekkert búið til árið 2007. Þó að jánið sé farið að ryðga á húsunum er maður líka viss um að það verði skipt um það fyrir rest. Það ber það svoltið með sér að þetta á sér allt sinn tíma. Það er engin uppjöf í þessu... það er bara ró yfir hlutunum. Eitthvað jafnvægi,“ segir Kjartan, og blaðamaður lætur það verða lokaorðin að sinni og kveður um bæði Kjartan og húsið með útsýni út á Djúpið.

Reglur um hundahald oft brotnar í Ísafjarðarbæ

Reglugerðir um hundahald í Ísafjarðarbæ virðast ítrekað vera brotnar. Samkvæmt upplýsingum sem fengust í áhaldahúsi bæjarins er töluvert um að hundar gangi lausir víða um Ísafjarðarbæ, þrátt fyrir að reglugerðir banni það, og að skráning hunda sé í skötulíki. Reglulega hafa verið haldnar sameiginlegar hundahreinsanir þar sem allir skráðir hundaeigendur eru boðaðir en eingöngu um tveir þriðju þeirra sem eru á skrá hafa sótt þær. Þá féll sameiginlega hundahreinsunin niður í fyrra vegna mikils annríkis en Sigríður I. Sigurjónsdóttir dýralæknir segir að margir hundaeigendur mæti jafnóðum til hennar með dýrin í skoðun.

„Hundaeigendur eiga að sjá um þetta og margir hverjir gera það, en því miður eru alltaf einhverjir sem trassa þetta og því þyrfti að vera betra aðhald.“

Sérstaklega segir hún að hvolpa-eigendur séu duglegir að koma sem sé mjög gott þar sem mesta hættan sé að ung dýr smitist. „Hins vegar eru kattareigendur ekki duglegir að koma en það þarf að láta hreinsa kattardýr líka, það þyrfti því að hrinda af stað einhverju samstilltu átak í þeim málum.“ Hún segir mörg sveitarfélög hafi tekið sig á í þessum málum og vel sé haldið utan um málin í Bolungarvík, Súðavík, Vesturbyggð og á Tálknafirði en ástandið sé ekki gott í Ísafjarðar-

bæ. Hundahald er bannað í Ísafjarðarbæ en bæjarstjórn veitir undanþágur til hundahalds með ákveðnum skilyrðum. Því eru hundar skráðir og fyrir þá skráningu er greitt skráningargjald en í því er innifaling trygging. Lausaganga hunda er með öllu bönuð.

Starfsmenn áhaldahússins vildu koma því á framfæri að áberandi er hvað hundaeigendur hafa tekið sig á í að hreinsa upp eftir hunda sína, áður var mikið um sóðaskap vegna hunda þar sem ekki var þrifið upp eftir þá en það sé til fyrirmyndar í dag. Þó sé alltaf einn og einn sóði sem komi óorði á alla hundaeigendur.

– *thelma@bb.is*



Hundar ganga oft lausir og eigendur þeirra trassa að skrá þá og koma með þá í hreinsun eins og reglugerðir segja til um.

Minna um að ekið sé á sauðfé á Vestfjörðum

Minna er um að ekið sé á sauðfé á Vestfjörðum í ár samanborið við árið á undan. Hefur fjöldi slíkra mála stórfækkað að sögn Önundar Jónssonar, yfirlöggluþjóns hjá lögreglunni á Vestfjörðum. Það sem af er þessu ári hafa komið upp 44 mál þessa eðlis, en þau voru 76 talsins á sama tímabili í fyrra. Önundur bendir á að fjöldi mála segi ekki alla söguna um fjölda þess fjár

sem ekið hefur verið á. Oftar en ekki sé ekið á fleiri en eina kind í senn. „Það er þó ljóst að fjöldinn sem orðið hefur fyrir bílum í ár er mun minni heldur en í fyrra, því málin eru svo miklu færri nú,“ segir Önundur.

Önundur kveðst ekki kunna einhliða skýringu á þessari fækkun. „Ég veit ekki hvort búfjáreignin á Vestfjarðakjálkanum hefur eitthvað breyst,“ segir

hann. „Svo getur verið að öku-menn séu betur vakandi í kjölfar umræðu sem orðið hefur um þetta viðvarandi vandamál.“ Loks bendir Önundur á þá hugsanlegu skýringu að bændur hafi sleppt fénu seinna á fjall í ár heldur en árin á undan. Vorið hafi verið óvenju kalt og staðreynd sé að féð hafi verið lengur innan girðinga en undanfarin ár.

– *asta@bb.is*

Vel haldið utan um ungmennin hjá HG

Vinnueftirlitið hefur sent fiskvinnslufyrirtækjum dreifibréf þar sem ítrekuð er reglugerð um vinnu barna og unglunga. Bréfið var sent í kjölfar fjögurra vinnuslysna sem eru til rannsóknar hjá Vinnueftirlitinu, þar sem ungmenni yngri en 18 ára og eitt barn undir 15 ára, hafa slasast. Í þremur tilfellum var um minniháttar meiðsl að ræða. Nýlegasta dæmið er þegar drengur á fimmtánda ári slasaðist alvarlega á hendi við vinnu við marningsvél

í Vestmannaeyjum.

Þórunn Sveinsdóttir, deildarstjóri hjá Vinnueftirlitinu, segir að um sé að ræða hættulegar vélar sem starfsmenn yngri en 18 ára eigi ekki að vinna við. Að sögn Þórunnar komu slík tilfelli ekki upp í fyrrasumar, sem gæti bent til þess að fleiri ungmenni séu að störfum við fiskvinnslu í sumar og því nauðsynlegt að huga að því hvernig tekið sé á móti nýliðum hjá fyrirtækjunum. „Við höldum vel utan um þennan hóp

og gætum þess að fara eftir öllum reglum varðandi starfsöryggi þeirra,“ segir Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri HG. Fjöldi ungmenna er við störf hjá fyrirtækinu. „Ég vildi bara að ég gæti ráðið fleiri, þetta er liflegur og skemmtilegur hópur sem hressir upp á andann hérna á sumrin,“ segir Einar Valur.

Í dreifibréfinu sem Vinnueftirlitið sendi fiskvinnslufyrirtækjum segir að það skipti máli til hvaða verka ungmennin séu ráðin.

Prjónaferðir til Vestfjarða

Ragnheiður Eiríksdóttir, prjónahönnuður og framkvæmdastjóri Knitting Iceland, hefur ákveðið að skipuleggja prjónaferðir til Vestfjarða. Ragnheiður var á ferð á Ísafirði fyrir undir lok síðasta mánaðar ásamt bandaríska prjónahönnuðinum Stephen West, en ferðin var hluti af námskeiði þeirra. Fimm Bandaríkjamenn sátu námskeiðið þar sem Stephen notar við hönnun sína og Ragnheiður kenndi lopapeysu-prjón.

„Þetta var auðvitað prjónaferð en við fengum líka vænan skammt af náttúru og góðum mat í ferðinni. Stephen þykir algert undar barn í hönnun sjala. Hann er ekki nema 22 ára gamall og þegar orðinn frægur í sinni grein. Hann notaði meðal annars ferðina til að taka ljósmyndir fyrir þriðju bók sína um prjónuð sjöl og fylgihluti. Við eyddum öllum föstudeginum á Ísafirði og sátum lengi á prjónakaffihúsinu Heitt á prjónunum þar sem námskeiðið hélt áfram,“ segir Ragnheiður.

Að sögn Ragnheiðar varð Stephen heillaður af landi og



þjóð og er þegar farinn að huga að næstu ferð til Íslands og um Vestfirðina. Hún segir að honum hafi þótt skilyrð

til að taka ljósmyndir hér á landi alveg einstök. „Meðal þess sem heillaði Stephen og aðra á námskeiðinu var hve margir ganga hér um í lopapeysum. Upp úr því vaknaði sú hugmynd að safna saman öllum þeim fjölda mynda sem við tókum af peysunum og fólkinu sem í þeim ganga á eina vefsíðu. Úr varð vefsíðan www.lopile.com sem við vorum að koma í loftið. Það geta allir sem vilja fært okkur myndir þangað,“ segir Ragnheiður.

Ragnheiður hefur í býgerð fleiri prjónaferðir fyrir erlenda gesti. Meðal ferða sem hún skipuleggur er ferð í kringum tónlistarhátíðina Aldrei fór ég suður. „Hátíðin er jú algert lopapeysufestival og mikið að sjá fyrir þá sem hafa áhuga á prjónaskap og tónlist,“ segir Ragnheiður Eiríksdóttir, framkvæmdastjóri.

– *asta@bb.is*

smáar

Til leigu er 3ja herb. íbúð við Sundstræti. Laus strax. Uppl. gefa Heiðar í síma 896 3441 og Jón í síma 896 3387.

Til sölu er dökkblár Volvo árg. 1988, ekinn 235 þús. km. Sami eigandi frá upphafi. Billinn er í Bolungarvík og selst í núverandi ástandi. Uppl. gefa Geir í síma 456 7117 eða Sólrún í síma 861 5260.

Lítill íbúð, ca 50m², óskast til leigu strax í Hnífsdal. Hafið samband í síma 866 5037.

Til sölu er svefnsofi. Verð kr. 35 þús. Uppl. í síma 691 3115.

Til leigu er 3ja-4ra herb. 60m² risíbúð í fallegu timburhúsi á Ísafirði frá 1. september. Leigugjald kr. 75 þús. með rafmagni og hita. Íbúðin er búin öllum húsgögnum og búshöldum, baði/sturtu, uppþvottavél o.fl. Uppl. gefur Eiríkur á netfanginu kolbrunarskald@gmail.com eða Herdís í síma 456 3885.

Til sölu er El-Go Suzuki rafmagnsvespa. Vespan er eins árs og mjög lítið notuð. Verð kr. 120 þús. Uppl. í síma 456 4584 og 845 2666.

Til sölu er 3ja herb. íbúð í miðbæ Ísafjarðar. Tilboð óskast. Uppl. í síma 659 8358.

Óska eftirtengdamömmuboxi til kaups. Uppl. í s. 865 6440.

Fullt í Sölvahúsi

Rekstraraðilar að ferðabjónustunni í Arnardal í Skutulsfirði, Anna Sigríður Ólafsdóttir og Úlfur Þór Úlfarsson, opnuðu í sumar nýtt gistihús að Hafnarstræti 13 á Flateyri sem þau kalla Sölvahús. Að sögn Önnu Sigríðar gengur reksturinn vel og húsið hefur verið uppþantað í nær allt sumar, en það er leigt út í heilu lagi.

Stakkur skrifar >

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður.

Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Sveitarfélög í rekstrarvanda með leiguíbúðir

Fjögur sveitarfélög á Vestfjörðum tilgreindu rekstrarvanda með leiguíbúðir árin 2009 og 2010 að því er fram kemur í nýrri könnun Varasjóðs húsnæðismála. Þau voru Bolungarvík, Ísafjarðarbær, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð. Könnun fyrir árið 2009 leiddi í ljós söluáform hjá 21 sveitarfélagi en könnunin fyrir árið 2010 leiðir í ljós söluáform hjá 25 sveitarfélögum, þar af tveimur á Vestfjörðum. Um er að ræða talsverðan fjölda íbúða, eða 153 íbúðir. Mest munar þar um að Vesturbyggð vill selja allar 47 leiguíbúðir sínar. Þá vildi Ísafjarðarbær selja 20 íbúðir.

Ísafjarðarbær var með 117 íbúðir í rekstri á árunum 2009-2010. Einungis fjögur sveitarfélög voru með fleiri leiguíbúðir í rekstri að Reykjavíkurborg frátalinni þ.e. Kópavogur, Akureyri, Hafnarfjörður og Reykjanesbær. Þau voru öll með yfir 200 íbúðir hvert í rekstri. Þegar litið var til fjölda leiguíbúða á hverja 100 íbúa í 50 stærstu sveitarfélögum var leiguíbúðatíðnin tiltölulega hæst í Ísafjarðarbæ. Þá voru einnig tiltölulega margar leiguíbúðir í rekstri í Vesturbyggð.

Aðeins í tveimur sveitarfélögum, þ.e. Ísafjarðarbæ og Vesturbyggð, var að finna auðar íbúðir í sex mánuði eða lengur á árunum 2006-2010. Í Bolungarvík voru fjórar auðar íbúðir áratímabilið 2007-2009, en engar árið 2010. Auðum íbúðum hefur fækkað



Ísafjörður.

verulega í Vesturbyggð, en þó er enn flestar auðar íbúðir að finna í því sveitarfélagi. Árið 2010 var sem fyrr stærstan hluta auðra íbúða að finna á Vestfjörðum, þ.e. ríflega helming þeirra. Á eftir Vesturbyggð voru auðar íbúðir flestar í Ísafjarðarbær og Fjarðabyggð, sjö íbúðir í báðum sveitarfélögum.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar voru leiguíbúðir í eigu sveitarfélaga 4.656 árið 2010 og hafði þá fjölgað um 69 frá fyrra ári. Eftirspurn eftir leiguhúsnæði hefur aukist, íbúðum sem standa auðar hefur fækkað umtalsvert og æ fleiri sveitarfélög greiða nú sérstakar húsaleigubætur.

Könnunin var gerð að ósk vel-

ferðarráðuneytisins til þess að afla upplýsinga um stöðu leiguíbúðakerfis sveitarfélaganna við lok árs 2010 en sambærilegar kannanir hafa verið gerðar frá árinu 2004. Spurningalistar voru sendir öllum 76 sveitarfélögum landsins. Svör bárust frá 67 þeirra en í þeim sveitarfélögum bjuggu þá um 97,5% íbúa landsins.

Gott sumar og ferðalög

Sumarið hefur verið okkur gott. Að mörgu leyti hafa Vestfirðingar notið þess til jafns á við aðra landsmenn. Ferðamenn koma í auknum mæli vestur og sérstaða Vestfjarða kemur æ betur í ljós. Náttúrufergurð einkennir Ísland. Það sjá Íslendingar vel þegar komið er til útlanda, ekki síst til stórborga. Auðvitað er fallett allsstaðar í heiminum. En það sem vekur eftirtekt erlendrar ferðamanna er hve víðáttumikil hin lítt snortna náttúra Íslands er. Sumum finnst stórkostlegt að sjá auðnina á hálendi Íslands, jafnvel svo langt sem augað eygir. Það eru ótal margir fallegir staðir sem hægt er að sækja heim á Íslandi. Ber þar auðvitað hæst, Þingvelli og Geysi að ógleymdum Gullfossi. Á Vestfjörðum eru nokkrir sögustaðir sem enn má gera góð skil. Reynt hefur verið að leggja meiri áherslu á Hrafnseyri vegna tvö hundruðustu ártíðar Jóns Sigurðssonar. En sögustaðirnir eru fleiri. Þannig mætti gera meira úr því að í Vatnsfirði í Ísafjarðardjúpi hafi setið menn sem höfðu áhrif á gang Íslandssögunnar og þar hefur staðið mikill uppröfturn, leit að fornleifum. Þar sat á sautjándu og átjándu öld Hjalti Þorsteinsson, prestur, prófastur og landsþekktur listmálari.

Ögur á sér sess í sögunni, en þar sátu merkismenn á veldisstóli og nægir að nefna nafn Ara í Ögri sem þar sat á sautjándu öld og föður hans, Magnús „prúða“ Jónsson, sem þar sat öldina á undan. Báðir voru merkismenn, en taldir nokkuð ráðríkir og létu ekki sinn hlut. Þá

þótti gott og eftirsóknarvert að sitja Ísafjarðarsýslur og sýslumenn þar voru landsþekktir áhrifamenn. Saga Vestfjarða er ótæmandi brunnur. Nú er eftirsóknarvert að fara á Hornstrandir. Mun Yrsa Sigurðardóttir rithöfundur eiga þátt í aukinni frægð Hesteyrar. En ekki má gleyma Þórleifi Bjarnasyni rithöfund, sem átti djúpar rætur í hinum raunverulegu Hornströndum, í Hælavík, og ritaði Hornstrendingabók. Hún er ótæmandi brunnur fróðleiks um líf og störf fólks sem háði harða baráttu norður undir heimskautsbaug. Hann samdi einnig Sléttuhreppsþéttur um fyrrum Aðalvíkursveit 1703 – 1952. Seinna árið lagðist byggð í Sléttuhreppi af. Stórkostleg náttúrufergurð einkennir þennan eyðihrepp, sem nú er gönguslóð margra þeirra er vilja komast úr asa nútímalífs.

Söguleg ferðabjónusta er lítt stunduð á Vestfjörðum og auðvitað eiga aðrir staðir og héruð þar einnig sína stórmerku sögu. Nefna má Bíldudal sem var í góður sambandi við útlönd fyrir tveimur öldum, er þar sátu merkir athafnamenn. Ferðamönnum þykir gott að vita eitthvað um héraðið sem þeir skoða hverju sinni. Það er nauðsynlegt að þekkja heiti á fjöllum, dölum og byggðum til að njóta ferðar til fulls. Landslag væri lítils virði án nafna. Samfélag er lítils virði án sögu og tengingar við fortíð. Að því þurfum við Vestfirðingar að hyggja, en ekki bara við heldur þjóðin öll.



Flóa- og bílskotts- markaður á Ísafirði

Settur hefur verið á fót flóa- og bílskottsmarkaður sem haldinn er aðra hverja helgi á Ísafirði. „Þarna er fólk að selja allt frá vörum sem það er að framleiða sjálf í heimilisíðnaði til hluta sem verið er að losa úr geymslunni. Bæði er varningurinn á borðum og eins opnuðu sumir bara skottin á bílum sínum og seldu úr þeim,“ segir Guðrún Sig-

ríður Matthíasdóttir, ein þeirra sem stendur að markaðnum. Markaðurinn er haldinn á bílastæði Landsbankans og var haldinn í fyrsta sinn þann 16. júlí.

„Þetta er gert með góðri hjálp Landsbankans sem leyfði okkur að vera á planinu hjá sér. Einnig eiga hafnir Ísafjarðarbæjar þakkir skyldar en starfsmenn þeirra hafa líka aðstoðað okkur,“ segir Guð-

rún Sigríður. Hún segir viðtökurnar hafa verið góðar. „Fólk hefur haft orð á því að þetta sé skemmtileg viðbót með það sem fyrir er í bænum. Við vorum með markaðinn í annað sinn á laugardag og vegna góðs gengis og góðrar veðurspár var ákveðið að hafa hann aftur daginn eftir.“

Markaðurinn verður næst haldinn á laugardag ef veður leyfir.



Jón Svanberg Hjartarson, safnstjóri Dellusafnsins.

Dellusafnið vekur athygli

Jón Svanberg Hjartarson, safnstjóri Dellusafnsins á Flateyri, áætlað að yfir 100 gestir sækji dellusafnið heim á aðsóknarmestu dögnum en safnið opnaði fyrir rúmum tveimur vikum. Hann er að vonum ánægður með viðtökurnar. „Ég finn að fólk hefur ánægju af því að skoða safnið og það talar um hvað þetta sé gott framtak. Ég fæ símtöl og hvatningu hingað og þangað af landinu, frá fólki sem ég þekki ekki neitt, það þykir mér mjög hvetjandi og skemmtilegt.“ Dellusafnið er safn utan um hinar ýmsu safnaradellur. Þar má meðal annars finna alþjóðlegar lögreglumínjar, sykurmolasafn, vinnuvélamódelasafn, bátalíkanasafn, tóbaks-umbúðasafn og teskeiðasafn. „Það er misjafnt eftir hverjum og einum hvað vekur mestan áhugann. Vinnuvélasafnið vekur án efa mikinn áhuga hjá ungum drengjum og feðrum þeirra en svo fæ ég til mín harðgerða kalla sem falla fyrir

teskeiðasafninu,“ segir Jón Svanberg og hlær við. Sífellt er verið að bæta í Dellusafnið. „Við eigum eftir að setja upp afklippusafn af mjólkurfernum sem okkur barst um daginn og núna síðast í gær var mér að berast símtal frá manni sem ætlar að gefa safninu húfusafnið sitt. Mér skilst að það séu um 100 derhúfur sem hann hefur safnað í siglingum um allan heiminn.“ Jón Svanberg er alltaf glaður að taka við nýjum munum en tekur fram að ekki sé þörf á að gefa söfnin, hann er fús til að fá muni að láni í styttri eða lengri tíma.

Langflestir gestir Dellusafnsins eru Íslendingar enda segir Jón Svanberg að ekkert sé búið að markaðssetja safnið fyrir erlenda gesti. „Ætli það verði ekki verkefni vetrarins að setja saman bæklinga, bæði á íslensku og erlendum tungumálum.“ Dellusafnið er til húsa að Hafnarstræti 11 á Flateyri og opið alla daga frá 11 til 17.

– asta@bb.is

Fuglar seinir að hefja varp

Ekki verður hjá því komist að taka eftir því að hinar ýmsu fuglategundir eru ennþá með mjög litla unga sér við hlið en venjan er að ungarnir séu orðnir frekar stálpaðir á þessum árstíma. Böðvar Þórisson, líffræðingur hjá Náttúrustofu Vestfjarða, segir að kuldarnir fyrr í sumar hafi seinkað varpi hjá sumum fuglategundum og það sé skýringin á því hvers vegna ungarnir séu enn svona litlir. „Fuglinn þarf orku til að verpa, hann þarf orku til að sitja á eggjum og hann þarf æti til að gefa ungunum svo þeir komist á legg. Ef einhver þessa þátta gengur ekki upp þá getur varpið seinkað eða það misheppnast. Ástæðan fyrir því að sumir fuglar seinka varpi er sú að erfitt

er að sitja á eggjum í kulda því það er svo orkufrekt. Við sjáum til dæmis að var hefur gengið vel hjá sumum æðarfuglum en ekki hjá öðrum,“ segir Böðvar.

Aðrir fuglar hafa einfaldlega flúið land. „Vaðfuglinn hefur átt erfitt í sumar og það er sýnilegt að varpið hefur minnkað,“ segir Böðvar. Fréttir voru af því í vor að jarðraki hefði sést í Bretlandi, sem undir öðrum kringumstæðum hefði átt að vera á Íslandi, en hann virðist hafa gefist upp á veðrinu hér. „Hér eru þó ennþá nokkuð um fugla sem hafa reynt varp og komið upp ungu.“ Flestir farfuglar fara í ágúst en búast má við að þeir sem seinkuðu varpi verði hér eitthvað fram í september eða október. „Þá er

bara spurningin hvort fuglinn finni nægt æti til að gefa ungunum,“ segir Böðvar.

Eitt lélegt ár skiptir litlu máli um framtíð varpsins, s hins vegar getur það haft töluverð áhrif ef um langvarandi ástand er að ræða eins og sést hefur með lundann í Vestmannaeyjum. „Þá minnkar stofninn frá ári til árs og hverfur svo allir. Ekki þarf þó að hafa áhyggjur af lundanum hér vestra. Rannsóknir sýna að hann hefur komið áætlega út, bæði í Vigur í Ísafjarðardjúpi og í Grímsey í Steingrímsfirði. Svartfuglinn í Látrabjargi er núna með unga, en hins vegar hefur krían almennt komið illa út, svo til allsstaðar á landinu. Ágætt varp er þó í Bolungarvík,“ segir Böðvar.

Áframhaldandi námsframboð tryggt

Tveir verkefnisstjórar verða ráðnir vegna tveggja ára þróunar- og uppbyggingarverkefnis í menntun og rannsóknum sem er liður í aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að efla byggð á Vestfjörðum. Að auki verður verkefnahópur skipaður til að stýra verkefnum með verkefnisstjórunum. Þetta kemur fram í minnisblaði sem Fjórðungssamband

Vestfirðinga sendi frá sér í lok júní þar sem farið er yfir stöðu mála. Þar kemur einnig fram að tryggt verður áframhaldandi framboð á námi á framhaldsskólastigi á Vestfjörðum. Framhaldsdeild Fjölbrautaskóla Snæfellinga á Patreksfirði verður áfram starfrækt og styrkja á stóðir Menntaskólans á Ísafirði. Það verkefni er í höndum skólameist-

ara skólanna tveggja.

Á fundi hlutaðeigandi aðila um samstarf háskóla-, þekkingar- og fræðasetra á Vestfjörðum var sett fram ný tillaga um útfærslu verkefnisins í stað tillögu ríkisstjórnar sem að mati fundargesta tók ekki nægjanlegt mið af rannsókna- og menntahverfi á Vestfjörðum.

Tillagan byggir á að settur verður upp hugmyndabanki þar

sem óskað verður eftir umsóknum frá aðilum á svæðinu sem farið væri yfir með tilliti til þeirra þátta sem lögð var áhersla á í tillögu ríkisstjórnarinnar, efla mannauð, samþætta og styrkja grunnstöðir og vinna að nýsköpun. „Með þessari leið væri hægt að fá verkefni sem myndu skila efnahagslegu verðmæti til samfélagsins á Vestfjörðum,“ segir í

minnisblaðinu.

Einnig kom fram að mikilvægt væri að verkefnið gæti orðið sjálfbært eftur tveggja ára verkefnatíma. „Með því að setja tillöguna upp á þennan hátt opnaðist færi á aðkoma á samstarfi við aðra fjármögnunaraðila og fá þannig aukid fjármagn, t.d. með aðkomu Vaxtasamnings Vestfjarða,“ segir í minnisblaðinu.

Act alone í áttunda sinn

Act alone á Ísafirði (og víðar á Vestfjörðum), eina árlega einleikjahátíðin á Íslandi, verður haldin í áttunda sinn dagana 12.-14. ágúst. Act alone er ein stærsta listahátíðin á landsbyggðinni og henni hefur mjög vaxið ásmegin frá því að hún var haldin í fyrsta sinn 2004. Strax vakti hún þó mikla athygli og hefur fest sig rækilega í sessi í listalífi Íslands. Frumkvöðull hátíðarinnar og listrænni stjórnandi frá upphafi er Elfar Logi Hannesson leikari, leikstjóri og leikjahöfundur. Hann hefur sjálfur dálæti á einleikjum og hefur samið og sýnt þá ófáa. Má þar til að mynda nefna Gísla Súrsson sem hefur slegið í gegn innan sem utan landsteinanna. Elfar Logi er nú önnur kafinn við undirbúning hátíðarinnar en gaf sér þó tíma til þess að segja lítið eitt frá dagskrá hennar.

„Tíu viðburðir verða í boði í ár, þar af sjö íslenskir einleikir, einn norskur og svo einleikjasería frá leikfélagi Flensborgarskólans í Hafnarfirði. Þar hafa nemar verið að vinna með einleikjaformið í allan vetur gagnert til að koma hingað vestur og sýna á hátíðinni. Þetta eru stuttir leikir, um tíu mínútur eða svo, og verða sýndir á fyrsta degi hátíðarinnar.

Sýningarnar eru mjög fjölbreyttar, allt frá dansi og barnasýningu til dramatískra viðburða í sögunni. Hátíðin hefst einu barnasýningunni í ár. Þar er prinsessan komin alla leið frá Bessastöðum og er í smávegis vanda því hún hefur týnt forsetanum sem hún hefur verið að flakka með um landið. En vonandi geta nú börnin hjálpað henni í þessum vanda.

Gestasýning hátíðarinnar er mikill fengur. Þar er á ferðinni leikkona sem útskrifaðist úr Ríkisleiklistarskólanum í Ósló og er

Sami að uppruna, en hún hefur verið að vinna með eigin sagnaarf. Hún er nú komin með einleik á ensku þar sem hún tekur fyrir þjóðsögur, hjátrú, siði og venjur Sama. Þetta er ekki ósvipað því sem við höfum verið að gera í Kómedíuleikhúsinu, að vinna með eigin sagnaarf, og því gaman að sjá hvernig aðrir vinna þetta. Hún hefur flakkað talsvert með þessa sýningu og hlotið góðar viðtökur.

Í fyrsta sinn verðum við með forsmekk að komandi einleikjári á hátíðinni en það hefur okkur lengi langað til að gera. Við verðum með verk í vinnslu sem í raun og veru er bara æfing, sem gestum gefst tækifæri að fylgjast með. Sigurður Skúlason leikari er að æfa einleik sem verður frumsýndur í október og hann kemur hingað ásamt leikstjóra sínum og verður með opna æfingu.“

Vestfirskur andi yfir hátíðinni í ár

„Allmikil vestfirsk tengsl eru við dagskrá Act alone í ár. T.d. semur ísfirski tónlistarmaðurinn Jóhann Friðgeir Jóhannsson (eða 701) tónlistina í danssýningunni Kyrrja, Þórunn Arna Kristjánsdóttir sem leikur prinsessuna í Ballinu á Bessastöðum er Ísfirðingur, Strandamaðurinn Smári Gunnarsson sýnir nýjasta einleik landsins, Skjaldbökuna sem var frumsýnd á Hólmavík í sumar. Svo sýnir Tálknfirðingurinn Ársæll Níelsson Bjarna á Fönix sem er vestfirskur leikur, og svo sýni ég nýjan einleik og þjóðfrelsihetjuna Jón Sigurðsson. Það er því óhætt að segja að vestfirskur andi svífi yfir hátíðinni í ár.

Við reynum alltaf að finna eitthvað fyrir alla aldurshópa og verðum með eina sýningu sem




Sara Oskal kemur frá Noregi til að taka þátt í Act alone.

unga fólkið streymir vonandi á. Við vorum svo heppin að krækja í gamanleikinn Mamma Ég með Lilju Katrínu sem lék í sjónvarpsþáttunum Makalaus á Skjá einum. Þessi sýning var frumsýnd síðasta haust og vakti mikla lukku. Svo fáum við einn stuttan einleik frá Egilsstöðum eftir Ásgeir Hvítaskáld en við reynum alltaf að sinna jaðrinum, grasrótninni.

Hátíðin byrjar á Silfurtorgi en sýningarnar fara svo fram í Edinborgarhúsinu fram á lokadaginn. Þá bregðum við okkur yfir til Hrafnseyrar og ljúkum hátíðinni með sýningunum Bjarna á Fönix og Jón Sigurðsson. Sá síðarnefndi gerist á Hrafnseyri og sá fyrri að hluta til líka. Bjarni fæddist á Hrafnseyri og það er jafnvel möguleiki að hann sé hálfbróðir Jóns Sigurðssonar. Það hefur aldrei verið sannað en ýmsar vangaveltur hafa verið uppi um það, þar sem móðir hans var ráðskona á Hrafnseyri þegar hann kom undir. Þetta er skemmtileg getgáta og hann ólst upp í Arnarfirði. Leikurinn Jón Sigurðsson fjallar um æsku Jóns forseta áður en hann fór að sigra heiminn, ef svo má segja. Hann var á Hrafnseyri fyrstu átján árin sem voru mikil mótunarár og gerðu hann að þeim manni sem hann varð.“

Frítt inn á allar sýningar

„Sami hátturinn verður á og áður að það verður frítt inn. Þetta er hægt þar sem við erum svo heppin að vera með sömu styrktaraðilana og stutt hafa hátíðina nærri alveg frá upphafi. Svo styrkja Ísafjarðarbær og Menn-



Elfar Logi Hannesson í hlutverki Jóns Sigurðssonar.

ingarráð Vestfjarða einnig hátíðina. Auk þess aðstoðar norska sendiráðið okkur við að flytja inn norsku leikkonuna sem kemur til okkar. Það var mjög kærkomið þar sem það kostar mikið að flytja inn svona sýningu. Við höfum verið svolítið á norrænu nótnum undanfarin ár. Í fyrra fengum við í heimsókn grænlenka leikkonu og við stefnum að því að fá til okkar Dana og erum þegar að undirbúa það. Það er gaman að segja frá því, að nú þegar erum við farin að fá um-

sóknir fyrir Act alone 2012 þannig að þessi hátíð er svo sannarlega komin til að vera enda eina einleikjahátíðin á Íslandi. Hún var lengi vel eina árvissa leiklistarhátíðin á Íslandi en nú eru þær orðnar tvær og önnur í Reykjavík. Ég held einnig að hún sé eina einleikjahátíðin á Norðurlöndum þar sem ég hef ekki heyrt um neinar aðrar, en slíkar hátíðir eru annars staðar í Evrópu.“ Dagskrána má lesa í heild á vefnum á Actalone.net.

– thelma@bb.is



Nýjasti einleikur landsins, Skjaldbakan, verður á hátíðinni.

Kjúklingur með rabarbara og engifer

Vegna annríkis gat sælkeri vikunnar ekki orðið við áskorun síðustu viku og var því Albertína fengin til að hlaupa í skarðið sem hún góðfúslega gerði.

„Eftir nokkra umhugsun ákvað ég að deila með ykkur tveimur vinsælustu uppskriftunum af matarblogginu mínu, vestfirðingurinn.blogspot.com,“ segir hún.

Kjúklingur með rabarbara og engiferi

1-2 dl þunnt sneiddur rabarbari

¾-1 dl sojasósa

1 msk smátt saxað engifer

2 kjúklingabringur

Ólífúolía

Sósa

Ólífúolía

2 skallotlaukur, smátt skorinn

2 hvítlaugsgeirar, smátt saxaður

2 msk smátt saxað engifer

4 dl vatn

2 dl sykur

8 dl rabarbari, skorinn í 1/2 cm sneiðar

2 1/2 msk hrísgrjónaedik

Salt og pipar

Rabarbarinn er skorinn í

þunnar sneiðar, sem og engiferið smátt saxað. Þessu er svo skellt saman í lítinn pott, ásamt sojasósunni. Þessu er öllu hrært saman og suðunni leyft að koma upp við meðalhita og leyft að sjóða þar til allt er farið að þykkna, ca. 10-15 mínútur. Á meðan eru kjúklingabringurnar skornar í þunnar sneiðar og settar í djúpan disk. Í framhaldinu er mareneringunni hellið yfir og öllu blandað vel saman. Svo er bara að setja plast yfir og leyfa að marenerast í 2-5 klukkustundir.

Þá er það sósan. Fyrst eru báðir laukarnir skornir smátt og steiktir á pönnu upp úr ólífúolíu. Engiferið er svo skorið í litla bita á meðan laukarnir steikjast og bætt út á pönnuna þegar laukurinn var orðinn mjúkur. Engiferið er svo mýkt í skamma stund áður en vatninu og sykrunum er bætt út á pönnuna og suðunni leyft að koma upp. Þegar suðan er komin upp er hitinn lækkaður þannig að suðan dettur nánast alveg niður og rabarbaranum þá bætt út á pönnuna og hann soðinn við mjög lágan hita í sirka 8 mínútur, þó ekki of lengi. Þá er rabarbarinn veiddur upp úr, settur í sigti og vökvanum safnað saman í skál. Hitinn er um leið hækkaður undir pönnunni og suðunni leyft að koma upp til að þykkja sósunu.

Vökvanum sem lak af rabarbaranum var svo bætt út í pönnuna. Svo er bara að leyfa sósunni að sjóða þangað til að hún hefur rýrnað um helming en þá er kominn tími til að snöggssteikja kjúklinginn í ólífúolíu á pönnu við háan hita. Á meðan heldur sósan áfram að rýrna þar til hún er ca. 2-3 dl, en þá er pannan tekin af hitanum og leyft að kólna örllítið áður en hrísgrjónaedikinu og salt og pipar bætt út í. Að lokum er slatta af rabarbaranum bætt út í sósunu (eftir smekk) og er þá sósan tilbúin.

Þá er maturinn tilbúinn en þetta er alveg sérstaklega gott borðið fram með tagliatelle eða núðlum. Algert ævintýri fyrir bragðlaukana!

Í eftirrætt er svo tilvalið að skella í snúðaköku

Deigið

1/2 l nýmjólk

1 dl matarolíu

1 dl sykur

2 1/4 þurrger

5 dl hveiti

—

1 kúfuð tsk lyftiduft

1 slétt tsk matarsódi

u.þ.b. 1 dl hveiti

2 tsk salt

Fylling



2 dl bráðið smjör
Góður slatti af kanil
Góður slatti af sykri

Hlyn-glassúr

450 gr flórsykur

1/2 dl nýmjólk

6 msk bráðið smjör

1/4 dl kaffi

Örllítið salt

1 msk af hlynbragðefni/hlyn-

sýróp

Mjólk, sykur og olía hituð saman í potti (má ekki sjóða), leyfið að kólna aðeins og hellið svo gerinu ofan á mjólkurbönduna og látið standa í smá stund. Hveiti sett í stóra skál og blandað saman, mjólkurböndunni svo helt saman við og tréslEIF notuð til að blanda öllu saman þannig að nokkuð blautt deig verður til. Deiginu er svo leyft að hefast í sirka klukkustund, en þá er lyftiduftinu, matarsóda, salti og restinni af hveitinu blandað saman við þannig að almennilegt deig

myndast. Þá er deigið flatt út (sirka 74*25 cm), bræddu smjöri hellið yfir og kanil og sykri stráð yfir og svo aðeins meira smjöri. Deiginu er svo rúllað upp og hún svo skorin í sirka 2 cm langa bita (þannig að snúðar verða til). Snúðunum er svo raðað í eldfast form (notaði pæ-disk), smá pláss haft á milli þeirra, og þeim leyft að hefast undir þurrkustykki í sirka 20 mínútur. Svo er bara að skella þessu inn í ofninn í u.þ.b. korter við 185°C eða þangað til þeir eru orðnir gullnir. Svo er bara að búa til glassúrið með því að blanda öllum hráefnunum saman í skál og hræra saman og hella svo yfir snúðakökuna.

Þessi er bara góð og virkilega skemmtileg að búa til, slær í gegn hjá öllum aldursþópum!

Ég skora á Jón Kristinn Helgason á Ísafirði sem næsta sælkeri vikunnar.

Hlíðarvegspúkar skemmtu sér vel

Fyrirverandi og núverandi íbúar við Hlíðarveg á Ísafirði, og gestir þeirra, skemmtu sér konunglega á laugardag þegar Hlíðarvegspúkafélagið var haldið í þrettánda sinn. Um 100 manns mættu í partyið sem er svipaður fjöldi og hefur verið síðustu ár. „Það var mjög gaman og veðrið lék við okkur. Við grilluðum og

fórum í leiki með börnunum, eins og vanalega. Það var kveiktur varðeldur og það var mikið sungið og sagðar skemmtisögur,“ segir Elín Ólafsdóttir í skipulagsnefnd.

Ekki var við öðru að búast en að mikið væri sungið því púkarnir hafa öflugt tónlistarfólk innan sinna raða. Rúmlega tuttugu brottfluttir Hlíðarvegspúkar mættu

í ár en að sögn Elínar mæta alltaf einhverjir brottfluttir, bæði fólk sem hefur komið áður og fólk sem er að koma í fyrsta sinn. Að þessu sinni voru þrjár Hlíðarvegspúkar heiðraðar, þau Inga Rut Olsen, Jónas Sigurðsson og Lóa G. Guðmundsdóttir, en hefð er fyrir því að rötgrónir íbúar við götuna séu heiðraðir ár hvert.



Hlíðarvegspúkafélagið var haldið í þrettánda sinn um helgina.



Um hundrað mans mættu í ár.

Atvinnuhúsnæði til leigu

Til leigu er rúmlega 40m² vinnuhúsnæði á 1. hæð í Vestrahúsi við Árnagötu. Getur nýst til ýmiskonar starfsemi.

Upplýsingar í síma 456 4120.

VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Friðrik ræktar spergilkál á bökkum Hvítár ásamt eiginkonu sinni Moniku. Uppskeran er myndarleg ár hvert en það er ekki síst að þakka sveppamassanum sem notaður er sem vistvænn áburður. Jarðvegurinn er frjósamur og ef ekki rignir nóg er tært vatnið sótt í Hvítá til vökvunar. Friðrik segir fáar grænmetistegundir jafn hollar og góðar og spergilkál.



islenskt.is